

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

16. desember 2025
UOS2501686/M.S.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 18. nóvember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Arctic Sea Farm hf., Dýrafirði þann 26. ágúst 2025. Þann 18. nóvember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Olíutunnur voru ekki geymdar á lekabyttum á fóðurprömmum við Eyrarhlíð I og Eyrarhlíð II, einnig voru efni geymd á gólfinu án lekabyttna í Eyrarhlíð II. Rekstraraðili ætlar að ljúka við að setja lekabyttur á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Hvíldarsýnartaka barst eftirlitsaðila 3 mánuðum eftir útsetningu eða 20. ágúst 2024 og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara en sett var í kvíarnar 26. apríl til 30. maí 2024 en tilkynning barst eftirlitsaðila 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ófullnægjandi upplýsingar voru í ársyfirliti, framleiðslumagn var ekki skráð. Rekstraraðili ætlar að útbúa verklag vegna ársyfirlits og lagfæra bókhaldið fyrir rekstrarárið 2024 og ljúka því á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026.
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
6. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi. Sundurliðun á notkun hættulegra efna var ekki tilgreind á hvert starfsleyfi heldur deilt jafnt milli fjögurra starfsleyfa eða framleiðslusvæða; Dýrafjörður, Arnarfjörður, Patreksfjörður og Tálknafjörður og Ísafjörður. Rekstraraðili ætlar að útbúa verklag vegna græns bókhalds og lagfæra bókhaldið fyrir rekstrarárið 2024 og ljúka því á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026.
8. Samkvæmt reglugerð nr. 990 viðauki I, 7 b Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

sérfræðingur

Frigg Thorlacius

lögfræðingur